

Þriðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 282/1996.

Herborg Haraldsdóttir

(Einar G. Steingrímsson hdl.)

gegn

Þrotabúi Bónusbíla ehf.

(Björn Ól. Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Vinnusamningur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 1996, þar sem hafnað var að viðurkenna kröfu, sem sóknaraðili lýsti við gjaldþrotaskipti varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að viðurkennd verði forgangskrafa sín á hendur varnaraðila, að fjárhæð 951.252 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. júlí 1995 til greiðsludags, allt að frádregnum 297.000 krónum. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Fallast má á það með héraðsdómara, að sannað sé, að sóknaraðili hafi ráðið sig til starfa sem skrifstofumaður hjá Bónusbílum ehf. í júní 1995.

Eins og getið er í hinum kærða úrskurði, mun sóknaraðili meðal annars hafa starfað við fjármál og bókhald Bónusbíla ehf., þar með talið að annast greiðslur fyrir félagið svo og að gera skilagreinar til lífeyrissjóða og til skattyfirvalda vegna tryggingargjalds og staðgreiðslu skatta. Munu þó engin gögn vera í bókhaldi félagsins um ógreidd laun sóknaraðila, og mun hennar ekki heldur hafa verið getið sem launþega hjá því í skilagreinum af fyrrnefndum toga. Á þessu hefur sóknaraðili ekki gefið viðhlítandi skýringar. Þegar þess er gætt og þeirrar óvissu, sem er í málinu um stöðu, vinnuframlag, launakjör og starfslok sóknaraðila hjá Bónusbílum ehf., hefur hún

ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að hún eigi tilkall til launa úr hendi félagsins umfram þær 297.000 krónur, sem hún viðurkennir að hafa fengið greiddar. Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Með úrskurði héraðsdómara var hvor aðili látinn bera sinn kostnað af málinu. Varnaraðili hefur ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti, og verður því ekki hreyft við ákvörðun um málskostnað í héraði honum í hag. Sóknaraðila verður hins vegar gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Herborg Haraldsdóttir, greiði varnaraðila, protabúi Bónusbíla ehf., 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 21. maí síðastliðinn og tekið til úrskurðar 14. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Herborg Haraldsdóttir, kt. 200153-7749, Svalbarði 15, Hafnarfirði.

Varnaraðili er protabúi Bónusbíla hf., kt. 430893-2629, Dalshrauni 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að „kröfulýsing hennar, nr. 15 á kröfuskra, verði tekin til greina þannig, að hún fái viðurkenndar sem forgangskröfu 951.252 kr. auk eftirfarandi dráttarvaxta 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga: af 94.355 kr. frá 1. 7. 1995 til greiðsludags, af 167.514 kr. frá 1. 8. 1995 til greiðsludags, af 177.777 kr. frá 1. 9. 1995 til greiðsludags, af 171.262 kr. frá 1. 10. 1995 til greiðsludags, af 162.367 kr. frá 1. 11. 1995 til greiðsludags, af 177.777 kr. frá 1. 12. 1995 til greiðsludags, allt að frádregnum 297.000 kr.“. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu, þar sem tillit verði tekið til þess, að hún er ekki virðisaukaskattsskyld.

Varnaraðili gerir þá dómkröfu aðallega, að hafnað verði framangreindri kröfu sóknaraðila, en til vara, að hún verði stórlega lækkuð. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, verði á aðalkröfu fallist, en að málskostnaður verði felldur niður, verði varakrafan tekin til greina.

II.

Búi Bónusbíla hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 12. janúar 1996. Á skiptafundi í búinu, sem haldinn var 18. apríl síðastliðinn, varð uppi

ágreiningur um þá kröfu sóknaraðila, sem mál þetta tekur til, og var ágreiningsefnið lagt fyrir dóminn með bréfi skiptastjóra í búinu, dagsettu 6. maí síðastliðinn.

III.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að hún hafi verið ráðin í vinnu hjá Bónusbílum ehf. sem launþegi fyrir 130.000 kr. á mánuði. Sóknaraðili hafi rækt starf sitt af trúfestu og samviskusemi og gert í raun miklu meira en krefjast mátti af henni. Hún hafi því átt þessa kröfu á Bónusbíla ehf., og hafi hún að sjálfsögðu ekki fallið niður við gjaldþrot félagsins. Ekki sé ástæða til að fara nánar út í orlof, launatengd gjöld og slíkt, enda sé ekki ágreiningur um það, að eigi hún rétt til þeirra launa, sem hún krefur um, þá eigi hún rétt til þess orlofs og skila á launatengdum gjöldum, sem í hinum útfylltu launaseðlum segir. Að öðru leyti vísar sóknaraðili til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira, einkum 1. og 3. tl. 1. mgr. 112. gr.

Af hálfu varnaraðila er til þess vísað, að ekki liggi fyrir ráðningarsamningur varnaraðila við sóknaraðila, hvorki um fjárhæð launa né ráðningartíma. Ekkert í gögnum félagsins styðji það, að sóknaraðili hafi verið launþegi þess eða verið í þeirri stöðu, sem jafna megir til þess. Staðgreiðslu hafi aldrei verið skilað vegna sóknaraðila eða launatengdum gjöldum vegna ætlaðra launa hennar eða að öðru leyti gerð grein fyrir þeim í bókhaldi félagsins. Ekki sé gerð grein fyrir lífeyrисиðgjöldum eða félagsgjöldum vegna sóknaraðila í bókhaldi þrotabúsins, þrátt fyrir það að sóknaraðili hafi séð um útfyllingu þessara gagna að eigin sögn og samkvæmt undirritun sinni á þau.

Starf sóknaraðila hafi aðallega verið fólgið í vinnu tengdri bókhaldi, en af gögnum megir sjá, að sóknaraðili hafi útfyllt sundurliðun á staðgreiðslu launamanna, skilagreinar vegna lífeyrисиðgjalda og tryggingargjaldsæðla. Þrátt fyrir þetta hafi sóknaraðili ekki skráð sig sem launamann félagsins samkvæmt umræddum yfirlitum, heldur eingöngu þá, sem unnu dagvinnu hjá félaginu hverju sinni, en önnur vinna hafi verið „svört“.

Athyglisvert sé, að sundurliðun staðgreiðslu hafi verið skilað 20. nóvember 1995 til Gjaldheimtu Reykjavíkur, en þá hafi verið liðnir 10 dagar frá stofnun AB-bíla ehf., sem sóknaraðili standi m. a. að, og fjórir dagar frá gerð leigusamnings um þann rekstur, sem Bónusbílar ehf. höfðu með höndum. Hafi sóknaraðila ekki getað dulist aðstaða Bónusbíla ehf., og verði ekki annað séð en hún hafi gert sér fljótlega grein fyrir því, sbr. ætlaða uppsögn í byrjun ágúst 1995. Var því mikilvægara en ella fyrir hana að gera grein fyrir launþegastarfa sínum hjá félaginu.

Ekki verði séð, með hvaða hætti sóknaraðili styðji kröfu sína, en henni hafi verið þrautalaust að gera grein fyrir launum sínum á sundurliðun staðgreiðslu, þar sem hún hafi ekki verið greidd sökum fjárskorts. Komi það í sama stað niður fyrir félagið og sóknaraðila og sú útskýring ótrúverðug í greinargerð sóknaraðila, að félagið hafi vikið sér undan greiðslu launatengdra gjalda vegna sóknaraðila, ekki síst í því ljósi, að sundurliðun hafi í raun verið skilað, eftir að starfsemi var hætt og gjaldþrot fyrirsjáanlegt og staðgreiðslu þeirra, sem þar voru á skrá, ekki skilað. Verði ekki séð, hvernig hagsmunum sóknaraðila var borgið með slíkri háttsemi. Megi í þessu sambandi benda á, að samkvæmt sundurliðun staðgreiðslu sé framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins, Sigurjón Markússon, tekinn þar á skrá. Þá skipti hugsanlegur fjárskortur sóknaraðila engu í þessu sambandi, og vanræksla á skattskilum vegna móttækinnna fjármuna styðji sjónarmið varnaraðila.

Af þeim fábrotu gögnum, sem fyrir liggja, sé miklu nær að álykta, að starf sóknaraðila hafi frekar verið með þeim hætti, sem um verktöku gildir, og telji varnaraðili samband sóknaraðila og félagsins frekar hafa verið á þann veginn, eða að launagreiðslur til sóknaraðila skyldu vera „svartar“, svo sem gildi um mikinn hluta útborgaðra „launa“ hjá fyrirtækinu. Verktakagreiðslur og/eða „svartar“ launagreiðslur njóti ekki verndar 112. gr. gjaldþrotalaga. Styðjist það einnig við viðtöku sóknaraðila á fjármunum frá félaginu, að fjárhæð 297.000 kr., án þess að fyrir þeim væri gerð grein í launabókhaldi félagsins.

Þá beri að líta til þess, að sóknaraðili virðist hafa gert sér grein fyrir slæmri stöðu félagsins í ágústbyrjun og því nauðsynlegra en ella fyrir hana að tryggja sér staðfestingu á launþegastarfa sínum, sem hún sannanlega hafi verið í aðstöðu til. Þá hafi sóknaraðili haft prókúru á hefti félagsins í skamman tíma. Þessar staðreyndir styðji þá skoðun, að sóknaraðili hafi haft með höndum eiginlega framkvæmdastjórn ásamt Árna Sigurpálssyni og njóti því ekki réttar fyrir kröfu sinni þá þegar af þeirri ástæðu samkvæmt skýru ákvæði 3. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga.

Verði talið þrátt fyrir þetta, að krafa sóknaraðila njóti eigi að síður forgangs við úthlutun úr búinu, er fjárhæð kröfunnar mótmælt sérstaklega og krafist verulegrar lækkunar hennar. Ekkert liggja fyrir um launafjárhæð sóknaraðila, en telja verði dagvinnulaun, að fjárhæð 130.000 kr., rífleg og laun á markaði fyrir sambærilega vinnu nær 70–80.000 krónum á mánuði eða 480.000 kr. fyrir umrætt tímabil. Þá er ætlaðri yfirvinnutíð samkvæmt síðar útfylltum launaseðlum mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Ekkert liggja fyrir um vinnu þessa hjá félaginu samkvæmt vinnuseðlum, stimpilkorti

eða þess háttar, en vinnuliður þessi nemi samtals 149.837 krónum, sem komi til lækkunar fjárkröfunni. Þá beri að lækka orlof til samræmis við breyttar fjárhæðir. Enn fremur eigi sóknaraðili ekki kröfu á greiðslu skatta, lífeyrisgjalda eða félagsgjalda úr hendi þrotabúsins, þar sem aðrir réttihafar eigi kröfu til þeirra greiðslna samkvæmt skýrum lagaákvæðum. Þá styðjist þessi niðurstaða við viðurkenndar fræðikenningar þar um. Beri því að draga frá launum þann hluta, sem ella gengi til greiðslu skatta, lífeyris og félagsgjalda.

Þegar allt þetta sé virt, verði ekki séð, að sóknaraðili eigi fjárkröfu á hendur búinu, þegar tekið hafi verið tillit til greiðslna til hennar, að fjárhæð 297.000 kr., sem skoða verði sem greiðslu inn á nettólaun, enda fjárhæðin sóknaraðila til ráðstöfunar.

Að öðru leyti er vísað til almennra reglna kröfuréttar um stofnun lög-mætra krafna og sönnun, reglna vinnuréttar og laga um gjaldþrotaskipti, einkum 112. gr., 3. mgr.

IV.

Samkvæmt tilkynningu til Hluta félagskrár var einkahlutafélagið Bónusbílar stofnað árið 1993, og eru samþykktir félagsins dagsettar 20. júlí það ár. Voru stofnendur þess Árni A. Sigurpálsson og Sigurjón Markússon, og skyldu þeir fara með framkvæmdastjórn félagsins og hafa prókúruumboð fyrir það. Fram er komið í málinu, að Sigurjón hafi lítið skipt sér af daglegum rekstri, heldur nær eingöngu unnið viðgerðastörf á verkstæði félagsins. Samkvæmt vinnusamningi, dagsettum 19. maí 1995, milli Bónusbíla ehf. og Helga Harðarsonar var Helgi ráðinn til félagsins sem „forstjóri og framkvæmdastjóri“ til þriggja ára, þ. e. til 15. maí 1998. Störfum hans í þágu félagsins lauk hins vegar 11. ágúst 1995.

Í málinu liggur fyrir auglýsing úr DV 29. maí 1995, þar sem óskað er eftir vanri „skrifstofumanneskju“ fyrir meðalstórt fyrirtæki í Hafnarfirði. Er fram komið í málinu, að sóknaraðili hafi ráðið sig til Bónusbíla ehf. eftir þessari auglýsingu og byrjað þar störf um miðjan júní 1995. Verður því miðað við, að sóknaraðili hafi ráðið sig til starfa hjá félaginu sem skrifstofu-maður.

Fyrirgreindur Helgi Harðarson kveðst í skýrslu sinni hér fyrir dómi hafa ráðið sóknaraðila til starfa hjá Bónusbílum ehf. Hafi hún átt að fá greidd laun samkvæmt „7 ára taxa VR“ til þriggja mánaða. Þá kemur fram í skýrslu Geirs Egilssonar, sem samkvæmt gögnum málsins vann ýmis störf í þágu félagsins, að hann hafi átt þátt í ráðningu sóknaraðila til félagsins. Hafi hún verið ráðin upp á, að henni yrði greitt „eitthvað minna“ fyrstu þrjá mánuðina, en síðan 120.000–130.000 kr. á mánuði.

Við yfirheyrslur við aðalmeðferð málsins kom fram, að verulegur ágreiningur hafi verið milli sóknaraðila og Helga Harðarsonar um, hvernig standa skyldi að rekstri félagsins, og hefur sóknaraðili lýst því, að bókhaldi félagsins og meðferð fylgigagna hafi verið mjög ábótavant, er hún réð sig þar til starfa. Fór það svo, einkum eftir að Helgi hætti störfum hjá félaginu, að sóknaraðili tók að sér að annast ýmis störf í þágu þess, sem telja verður, að heyri undir verksvið framkvæmdastjóra, án þess þó að séð verði, að við sóknaraðila hafi verið gerður sérstakur samningur þar að lútandi. Þá hefur Árni A. Sigurpálsson borið, að eftir að hann kom til landsins í ágúst 1995 og fram til rekstrarloka hafi hann séð um daglegan rekstur félagsins ásamt sóknaraðila. Er því ósannað af hálfu varnaraðila, að sóknaraðili hafi verið framkvæmdastjóri félagsins.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er það niðurstaða dómsins, að sóknaraðili hafi ráðið sig til Bónusbíla ehf. sem skrifstofumann og unnið þar sem slíkur frá upphafi til enda. Hins vegar er allsendis ósannað, á hvaða launakjörum sóknaraðili var ráðin, þó að telja verði nægjanlega fram komið, að eftir þriggja mánaða starf hafi hún átt að fá 120.000 kr. í heildarlaun. Þá er einnig algerlega ósannað af hálfu sóknaraðila gegn mótmælum varnaraðila, að hún hafi unnið þá yfirvinnu, sem hún krefur varnaraðila um. Um laun í nóvembermánuði 1995 er á það að líta, að sóknaraðili stofnaði AB-bíla ehf. í félagi við Önnu Bjarnadóttur 11. þess mánaðar. Með því að telja verður nægjanlega fram komið í málinu, að AB-bílar ehf. hafi gengið inn í þá starfsemi, sem Bónusbílar ehf. höfðu með höndum í húsnæði hins síðarnefnda að Stapahrauni 8 í Hafnarfirði, sem AB-bílar ehf. tóku á leigu frá 18. nóvember 1995, getur sóknaraðili ekki átt rétt til launa nema fyrir þann tíma, sem hún vann í þágu Bónusbíla ehf.

Sóknaraðili hefur viðurkennt að hafa þegið 297.000 kr. í laun frá Bónusbílum ehf., og var sú fjárhæð henni til frjálsrar ráðstöfunar, þar sem ekki voru gerð skil á staðgreiðslu skatta og launatengdum gjöldum. Að þessu virtu og samkvæmt því, sem sannað þykir um launakjör sóknaraðila hjá félaginu, og því, sem fram er komið um starfslok hennar þar, og með hliðsjón af þeirri óvissu, sem er um ráðningarkjör hennar fyrstu þrjá mánuðina, þykir sóknaraðili hafa fengið laun sín hjá félaginu að fullu greidd með ofangreindri fjárhæð. Ber því að hafna kröfu hennar á hendur varnaraðila, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Herborgar Haraldsdóttur, nr. 15 á kröfuskra, á hendur varnaraðila, þrotabúi Bónusbíla ehf., er hafnað.

· Málskostnaður fellur niður.
